



# Sjónlist - SJL 1B02

## Litafræði

Námsáætlun, haustönn 2024

**Kennari/kennarar:**

Kristín Þóra Guðbjartsdóttir  
Kristveig Halldórsdóttir

**Netfang/netföng:**

[kristin.gudbjartsdottir@borgo.is](mailto:kristin.gudbjartsdottir@borgo.is)  
[kristveig.halldorsdottir@borgo.is](mailto:kristveig.halldorsdottir@borgo.is)

**Lýsing:**

Í áfanganum rannsaka nemendur einkum efnisblöndun lita: blöndun annarsstigs- og þriðjastigs lita með frumlitunum þremur. Gerðar eru æfingar með ýmiss konar andstæður lita, svo sem andstæðuliti, fyllingarliti, ljósa og dökka, heita og kalda. Lögð er áhersla á að nemendur kanni og geri tilraunir með sálræn áhrif lita í sjónrænu umhverfi svo sem í myndlist, hönnun, ljósmyndum, kvikmyndum, sviðslitum og víðar og hvernig þeir geta nýtt sér þekkingu sína og þjálfun á ólíkum sviðum lista og hönnunar.

**Þekking, leikni, hæfni:**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- blanda liti með efnisblöndun á markvissan hátt.
- vinna markvisst með liti og form við gerð eigin myndverka.
- greina notkun og áhrif lita í sjónrænu umhverfi svo sem myndlist, hönnun, ljósmyndum, kvikmyndum, sviðslitum og víðar.
- miðla sértækri merkingu með þekkingu sinni í lita- og formfræði.

**100% Námsmat:**

15%	Verkefni 1.	Æfingar með liti – akrýlliti, vatnsliti, blek, pastel.	2 v
25%	Verkefni 2	Form - munstur og litir	3 v
20%	Verkefni 3.	Málun – myndbygging og litir. Abstrakt	2 v
25%	Verkefni 4.	Frjáls málun – á striga	3 v
15%	Verkefni 5.	Klippimyndir út frá litafræðinni	2 v

ATH. Virkni og ástundun er metin sem 10% í verkefnaeinkunn.

**Námsgögn:**

Nemendur fá öll námsgögn hjá kennurum.

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

Áfanginn er símatsáfangi og nemendur þurfa að skila öllum verkefnum áfangans til að geta náð áfanganum. **Verkin þurfa að vera unnin í kennslustund. Kennari getur ekki metið verkefni til einkunnar ef ekki er sýnileiki að vinnslu verkefnis.** Ekki er tekið við verkefnum eftir settan skiladag nema með samkomulagi við kennara.

**Seinkomur og fjarvistir:** Komi nemandi of seint í kennslustund er skráð seinkoma. Tvær seinkomur jafngilda einni fjarvist. Ef liðnar eru meira en 10 mínútur af kennslustund er skráð fjarvist.

**Farsímar:** Ekki er leyfilegt að nota eða hafa farsíma uppi við í kennslustundum nema ef þess er krafist í verkefni.

**Neysla matar** í kennslustofunni er óheimil en leyfilegt er að vera með vökva í lokuðum ílátum.

**Verkefnaskil:** Mikilvægt er að skila verkefnum á réttum tíma.

**Skólasókn:** Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu. Gerð er lágmarkskrafa um 90% skólasókn í áfanganum

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmatsþættir
34	19.-23. ágúst	Verkefni 1. Æfingar með liti – akrýlliti, vatnsliti, blek, pastel.	<i>Nýnemadagur</i> 15%
35	26.-30. ágúst	Verkefni 1.	
36	2.-6. sept.	Verkefni 2. Form - munstur og litir	25%
37	9.-13.sept.	Verkefni 2.	
38	16.-20.sept	Verkefni 2.	<i>U&amp;Ú. Vörðuvika I.</i>
39	23.-27. sept.	Verkefni 3. Málun – myndbygging og litir. Abstrakt	20%
40	30.sept.- 4. okt.	Verkefni 3.	
41	7.-11. okt.	Verkefni 4. Frjáls málun – á striga	25%.
42	14.-18. okt.	Verkefni 4.	.
43	21.-23. okt.	Verkefni 4.	<i>Hausthlé fimmtud. og föstud.</i>
44	29. okt.-1. nóv.	Verkefni 5. Klippimyndir út frá litafræðinni	15%
45	4.-8. nóv.	Verkefni 5 Klippimyndir Frágangur og lokaskil	<i>U&amp;Ú. Vörðuvika II.</i>
46	11.-15. nóv.		
47	18.-22. nóv.		
48	25.-29. nóv		
49	2.-6. des.		
50	9.-12. Des.		

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*